

Fundargerð

Kynningarfundur fyrir fulltrúa í ráðgjafarnefndum vegna stjórnar vatnamála

Haldinn hjá Umhverfisstofnun 16. ágúst, 2012, kl. 13:30-16:00

Mættir voru:

Unnur Þóra Jökulsdóttir (Náttúruvísindastöðinni á Mývatni, fyrir Árna Einarsson), Árni Ísaksson (Fiskistofu), Edda Sigurdís Oddsdóttir (Skógrækt ríkisins, fyrir Brynhildi Bjarnadóttur), Daði Þorbjörnsson (Íslenskar orkurannsóknir), Elísabet Pálmadóttir (Mannvirkjastofnun), Eydís Línal Finnboadóttir (Landmælingum Íslands), Ingunn E. Jónsdóttir (Siglingastofnun Íslands), Jórunn Harðardóttir og Gerður Stefánsdóttir (Veðurstofu Íslands), Magnús Jóhannsson (Veiðimálastofnun, Kristinn Einarsson (Orkustofnun), Marianne Jensdóttir (Náttúrufræðistofnun Íslands), Ólafur Arnalds (Landbúnaðarháskóla Íslands), Sigrún Ólafsdóttir (Matvælastofnun), Sólveig R. Ólafsdóttir (Hafrannsóknastofnun), Þorleifur Eiríksson (Samtökum náttúrustofa), Þóroddur F. Þóroddsson (Skipulagsstofnun), Anna G. Sverrisdóttir (Fontana), Bryndís Skúladóttir (Samtökum iðnaðarins), Bragi Vagnsson (Landssambandi veiðifélaga), Borgar Páll Bragason (Bændasamtökum Íslands), Ásta Þorleifsdóttir (Samtökum útivistarfélag), Pétur Jóhannsson (Hafnasambandi Íslands), Jón S. Ólafsson (Landvernd), Hilmar J. Malmquist (Hinú íslenska náttúrufræðifélagi), Ólafur Örn Haraldsson (Þingvallanefnd).

Fundarstjóri: Gunnlaug Einaradóttir sviðstjóri hjá Umhverfisstofnun

Fundurinn var settur af Kristínu Lindu Árnadóttur forstjóra

- Lög og reglugerðir. Heiðrún Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri. Fjallaði hún um hið nýja stjórnkerfi vatnamála bakgrunninn fyrir því.
- Áfanga- og verkáætlun 2011-2015. Tryggvi Þórðarson, sérfræðingur. Hann gerði grein fyrir vinnu við áfanga- og verkáætlunina og hvernig sú vinna stæði.
- Kynning á vatnasvæðisnefndum og starfi þeirra. Jóhanna Björk Weisshappel, sérfræðingur. Fór hún yfir þá vinnu sem þegar hefur verið unnin af hendi í vatnasvæðisnefndunum.

Kaffihlé

- Hlutverk ráðgjafarnefnda í stjórn vatnamála. Tryggvi Þórðarson. Renndi hann yfir reglur um ráðgjafarnefndirnar samkvæmt lögum og reglugerð um stjórn vatnamála og gerð grein fyrir nokkrum helstu verkefnum sem framundan eru á næstunni.
- Skipting Ísland í vatnshlot og einkennisnúmerakerfi þeirra. Bogi Brynjar Björnsson, Veðurstofu Íslands. Gerði hann grein fyrir vinnu við skiptingu íslenskar vatna í vatnshlot og því númerakerfi sem notað er fyrir vatnshlotin. Ennfremur kynnti hann aðgangsstýrða vefsíða sem sett hefur verið upp fyrir þá sem eru í þeirri vinnu
- Umræður. Nokkrar umræður urðu á fundinum bæði í tengslum við einstaka fyrirlestra og almennar umræður í lokin.

Glærurnar sem notaðar voru verða sendar skipuðum fulltrúum nefndanna

Annað

Tilkynnt var á fundinum að búast mætti við að boðað yrði til fyrsta fundar í nefndunum fljótlega í september. Á þeim fundi þarf að kjósa formann og varaformann auk þess að skipa fulltrúa í vatnasvæðisnefndirnar fjórar.